

REGLUGERÐ

um skipsbúnað.

1. gr.

~~Innleiðing á tilskipun.~~ Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi ~~tilskipun~~ eftirtaldar gerðir Evrópusambandsins:

- a. **Tilskipun** Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014, um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (tilskipunin), skv. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2016 frá 26. ágúst 2016. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 22. september 2014, bls. 647-686.
- b. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/306 frá 6 febrúar 2017 um tilgreiningu hönnunar-, smíða- og nothæfiskrafna sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum, skv. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2017 frá 7. júlí 2017. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48, 3. ágúst 2017, bls. 347-493.

2. gr.

Framkvæmd þessarar reglugerðar.

1. Samgöngustofa annast framkvæmd og eftirlit þessarar reglugerðar að því leyti sem ekki er kveðið öðruvísi á í þessari reglugerð.
2. Faggildingarsvið Einkaleyfastofu sinnir mati og vöktun tilkynnta aðila.
3. Um tilkynningu samræmismatsaðila og eftirlit með þeim fer eftir lögum nr. 24/2006, um faggildinguna o.fl., með síðari breytingum. Tilkynntir aðilar skulu vaktaðir annað hvert ár.
4. Skilyrði fyrir tilkynningu er að samræmismatsaðili uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipunina.
5. Faggildingarsvið Einkaleyfastofu skal einnig hafa eftirlit með að tilkynntir aðilar uppfylli kröfur sem gerðar eru í 20. gr., 1. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 34. gr. tilskipunarinnar.

3. gr.

Málsmeðferð og viðurlög.

1. Um málsmeðferð, ákvarðanir og réttarúrræði Samgöngustofu fer skv. lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum og lögum nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, með síðari breytingum.
2. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 29. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum.

4. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 589/2004, um skipsbúnað, með síðari breytingum.

~~Innanríkisráðuneytinu, 18. nóvember 2016.~~

~~F. h. r.~~

~~Sigurbergur Björnsson.~~

- Björn Freyr Björnsson -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.